

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 26

1. árgangur

4.8.1994

---

	<b>I. EES-STOFNANIR</b>	
	1. EES-ráðið	
	2. Sameiginlega EES-nefndin	
94/EES/26/01	Orðsending frá 28. júlí 1994 um gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/94 .....	01
94/EES/26/02	Leiðrétting á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 .....	01
	3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4. Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
94/EES/26/03	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 69/94/COL frá 27. júní 1994 um samþykkt eftirlitsáætlunar og um viðbótarábyrgðir vegna ákveðinna fisktegunda sem á að senda til Svíþjóðar að því er varðar vorveiru í vatnakarpa .....	05
	3. EFTA-dómstóllinn	
	<b>III EB-STOFNANIR</b>	
	1. Ráðið	
	2. Framkvæmdastjórnin	
94/EES/26/04	Fjarskipti: Frjáls aðgangur að netum (ONP) fyrir leigulínum, Sáttameðferð .....	07
94/EES/26/05	Útboð (almennt útboð) á sérfræðingastöðum í DG XIII .....	08

94/EES/26/06	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum .....10
94/EES/26/07	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 og 3. mgr. 26. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 varðandi mál nr. IV/32.490 - Eurotunnel .....10
94/EES/26/08	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.465 - GE/CIGI) .....11
94/EES/26/09	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um framsal eignarréttinda á fyrirtækjum: Aðgerðir sem koma litlum og meðalstórum fyrirtækjum til góða .....11
94/EES/26/10	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 11.7. til 15.7. 1994 .....12
94/EES/26/11	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins .....13
94/EES/26/12	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35122) .....13
94/EES/26/13	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.470 Gencor/Shell) .....14
94/EES/26/14	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.473 - PWT/Minemet) .....14
94/EES/26/15	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.460 - Holdercim/Cedest) .....15
94/EES/26/16	Ríkisaðstoð - C 25/94 (ex N 11/94) - Lúxemborg .....15

**3. Dómstóllinn**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

**Orðsending**  
**frá 28. júlí 1994 um gildistöku**  
**ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/94**

**94/EES/26/01**

Sameiginlegu EES-nefndinni barst síðasta tilkynningin samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins varðandi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/94 frá 8. mars 1994 til breytingar á bókun 4 við EES-samninginn, um upprunareglur, hinn 25. júlí 1994. Þar af leiðandi öðlaðist þessi ákvörðun gildi hinn 25. júlí 1994.

Formaður  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

*H. Hafstein*

### **Leiðrétting**

**94/EES/26/02**

Leiðrétting á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994<sup>(1)</sup>

- a) í 5. mgr. inngangsorðanna verði „5. viðauki“ að „6. viðauki“;
- b) í 2. mgr. 2. gr. verði „5. viðauki“ að „6. viðauki“;
- c) í stað textans í 7. lið 4. viðauka, þar með talið taflnanna þriggja, komi textinn í viðaukanum. (Texti á leiðréttingum 7. lið 4. viðauka við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94);
- d) í aðlögun (mc) í 4. lið 6. viðauka, falli g-liður niður, h-liður verði g-liður og i-liður verði h-liður.

<sup>(1)</sup> Stjttfð. EB nr. L 160, 28.6.1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 17, 28.6.1994, bls.1.

## VIÐAUKI

(Texti á leiðréttum 7. lið 4. viðauka við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94)

7. Eftirfarandi bætist við sem nýr 3. viðbætur:

“3. viðbætur

Töflur sem skulu bætast við í viðbættum A, B og C í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 77/190/EBE:

**Tafla 1**  
**Vegna viðbættis A**

### HEITI JARÐOLÍUAFURÐA

	Austurríki	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
<b>I. Vélaeldsneyti</b>					
1	Superbenzin 98 (Superplus)	Moottoribensiini 99	Bensín 98 oktan	Høyoktanbensin 98	Motorbensin 98
2	Eurosuper 95	Moottoribensiini 95 lyjytön	Bensín 95 oktan, blýlaust	Lavoktanbensin 95, blyfri	Motorbensin 95, blyfri
3	Normalbenzin 91		Bensín 92 oktan, blýlaust		
4	Diesekraftstoff	Dieselöljy	Dísíolía	Autodiesel	Dieselolja
<b>II. Eldsneyti til heimilisnota</b>					
5	Gasöl für Heizzwecke (Heizöl extra leicht)	Kevyt polttoöljy	Gasolía	Fyringsolje nr 1	Eldningsolja 1
6	Heizöl leicht	Kevyt polttoöljy suurkiinteistökäyttöön	Svartolía		Lätt eldningsolja
7	Heizöl mittel	Lämmityspetroli	Steinolía	Fyringsparafin	Eldningsfotogen
<b>III. Eldsneyti til atvinnureksturs</b>					
8	Heizöl schwer HS 2	Raskas polttoöljy	—	Tung fyringsolja	
9	Heizöl schwer HS 1	Raskas polttoöljy vähärikkinen	—		Tung eldningsolja lágsvavlig

**Tafla 2**  
**Vegna viðbætur B**

SKILGREINING VÉLAELDSNEYTIS

	Austurríki	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
(a) Gæðabensín eðlisþyngd (15°C) oktantala: RON oktantala: MON varmagildi (Kcal/kg) blýinnihald (g/l)	Blýlaust 0,725-0,780 min. 98,0 min. 87,0 - max. 0,013	0,725-0,770 min. 99,0 min. 87,4 10 400 max. 0,15	max. 0,755 min. 98,0 min. 88,0 10 200 max. 0,15	0,730-0,770 min. 98,0 min. 87,0 - max. 0,15	0,725-0,775 min. 98,0 min. 87,0 10 400 <sup>(2)</sup> max. 0,15
(b) Evró - Súper 95 eðlisþyngd (15°C) oktantala: RON oktantala: MON varmagildi (Kcal/kg) blýinnihald (g/l)	max. 0,780 min. 95,0 min. 85,0 - max. 0,013	0,725-0,770 min. 95,0 min. 85,0 10 400 max. 0,003	max. 0,755 min. 95,0 min. 85,0 10 200 max. 0,005	0,730-0,770 min. 95,0 min. 85,0 - max. 0,013	0,725-0,780 min. 95,0 min. 85,0 10 400 <sup>(2)</sup> max. 0,013
(c) Venjulegt bensín Blýlaust eðlisþyngd (15°C) oktantala: RON oktantala: MON varmagildi (Kcal/kg) blýinnihald (g/l)	0,725-0,780 min. 91,0 min. 82,5 - max. 0,013		max. 0,745 min. 92,0 min. 81,0 10 200 max. 0,005		
(d) Dísilolía eðlisþyngd (15°C) cetantala: varmagildi (Kcal/kg) brennisteinsinnihald (%)	0,820-0,860 min. 49 - max. 0,15	0,800-0,860 min. 45 10 250 max. 0,2	0,845 min. 47 10 200 max 0,2	0,800-0,870 min. 45 - max. 0,2	0,800-0,860 min. 45 10 300 <sup>(2)</sup> max. 0,2

<sup>(2)</sup> Ekki tilgreint sérstaklega í sænskum stöðlum; tilgreindar tölur eru eðlilegar fyrir markaðssettar vörur.

**Tafla 3**  
**Vegna viðbætur C**

SKILGREINING Á ELDSNEYTI

	Austurríki	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
(a) Eldsneyti til heimilisnota					
Gasólía					
eðlisþyngd (15°)	max. 0,845	0,820-0,860	max. 0,845	0,820-0,870	0,82-0,86 <sup>(2)</sup>
varmagildi (Kcal/kg)	-	10 250	max. 10 200	-	10 200 <sup>(2)</sup>
brennisteinsinnihald (%)	max. 0,10	< 0,2	0,2	0,2	max. 0,2
rennslismark (°C)	- 8	≤ - 15	- 15	- 8	max. - 6
Létt brennsluólía					
eðlisþyngd (15°)	0,900-0,935	0,840-0,890	max. 0,918	-	0,88-0,92 <sup>(2)</sup>
varmagildi (Kcal/kg)	-	10 140	9 870	-	10 000 <sup>(2)</sup>
brennisteinsinnihald (%)	0,20	< 0,2	max. 2,0	-	max. 0,8
rennslismark (°C)	- 15	≤ 2	- 5	-	max. 15
Miðlungsþykk brennsluólía					
eðlisþyngd (15°C)	0,900-0,980				
varmagildi (Kcal/kg)	-				
brennisteinsinnihald (%)	0,60				
rennslismark (°C)	0				
Steinólía					
eðlisþyngd (15°C)	-	0,775-0,840		0,780-0,820	max. 0,83
varmagildi (Kcal/kg)	-	10 300		-	10 340 <sup>(2)</sup>
(b) Eldsneyti til atvinnureksturs					
Hátt brennisteinshlutfall					
eðlisþyngd (15°C)	0,970-1,030	< 1,040	<sup>(3)</sup>	-	<sup>(3)</sup>
varmagildi (Kcal/kg)	-	9 460		-	
brennisteinsinnihald (%)	max. 2,00	< 2,7		2,5	
Lágt brennisteinshlutfall					
eðlisþyngd (15°C)	0,970-1,030	0,910-0,990	<sup>(3)</sup>	-	0,92-0,96 <sup>(2)</sup>
varmagildi (Kcal/kg)	-	9 670		-	9 900 <sup>(2)</sup>
brennisteinsinnihald (%)	max. 1,00	< 1,0		1,0	max. 0,8

<sup>(2)</sup> Ekki tilgreint sérstaklega í sænskum stöðlum; tilgreindar tölur eru eðlilegar fyrir markaðssettar vörur.

<sup>(3)</sup> Gildir ekki.

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

### ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA nr. 69/94/COL frá 27. júní 1994

94/EES/26/03

#### um samþykkt eftirlitsáætlunar og um viðbótarábyrgðir vegna ákveðinna fisktegunda sem á að senda til Svíþjóðar að því er varðar vorveiru í vatnakarpa

##### EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 5. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða (tilskipun ráðsins 91/67/EBE, hér á eftir nefnd gerðin um fiskeldi), einkum 12. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og c- og e-lið 1. gr. bókunar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Svíþjóð hefur, eins og greint er frá í bréfum dagsettum 15. desember 1993 og 29. maí 1994, lagt fram eftirlitsáætlun vegna vorveiru í vatnakarpa á strand- og meginlandssvæðum sínum.

Áætlunin uppfyllir skilyrðin sem um getur í 1. mgr. 12. gr. gerðarinnar um fiskeldi.

Leggja ber til tilteknar viðbótarábyrgðir til að vernda þær framfarir sem orðið hafa og tryggja að áætlunin sé til lykta leidd á árangursríkan hátt í Svíþjóð.

Óheimilt er að krefjast viðbótarábyrgðanna sem kveðið er á um í þessari ákvörðun af EFTA-ríkjum eða héruðum þeirra sem telja sig laus við vorveiru í vatnakarpa.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA- nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

##### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Eftirlitsáætlunin vegna vorveiru í vatnakarpa (SVC) í Svíþjóð er hér með samþykkt.

2. Aðflutningur til Svíþjóðar á lifandi fiski af þeim tegundum sem eru móttækilegar fyrir vorveiru í vatnakarpa og taldar eru upp í viðauka A við gerðina um fiskeldi, og eggjum þeirra, sem ekki eru ætlaðar til neyslu skal háður eftirfarandi skilyrðum:

##### 2.1 annaðhvort

2.1.1 verður vorveira í vatnakarpa að vera tilkynningarskyldur sjúkdómur í upprunahéraðinu;

2.1.2 verða opinberar þjónustustofnanir að rannsaka þegar í stað skýrslur um líklega sýkingu í ætt vatnakarpa að því er varðar upprunahéraðið;

2.1.3 verður að auðkenna smitaða staði í upprunahéraðinu sem slíka;

2.1.4 mega þeir ekki koma frá stöðum sem opinberar þjónustustofnanir í upprunahéraðinu auðkenna sem smitaða;

##### 2.2 eða

2.2.1 verður upprunastaðurinn, á þeim árstíma þegar vænta má að vorveira í vatnakarpa komi fram, að hafa verið skoðaður árlega í minnst tvö ár af opinberu þjónustustofnunum á upprunahéraðinu og próf í rannsóknarstofu til að einangra veiruna verður að hafa verið framkvæmt;

2.2.2 ef staðirnir eru þegar smitaðir,

verða þeir annaðhvort að hafa verið prófaðir, svo sem um getur í 2.2.1, í að minnsta kosti þrjú ár, en eftir þann tíma eru smitnæmu tegundirnar sem vottað er að séu lausar við sjúkdóminn sameinaðar þýðinu undir eftirliti sem sannar að veiran sé ekki til staðar,

eða

verður þýðinu að hafa verið útrýmt og aðstaðan sótthreinsuð; í því tilviki verður að endurnýja birgðir með því að nota tegundir sem vottað er að séu lausar við sjúkdóminn;

2.2.3 verða allar aðfluttar tegundir á þeim stöðum sem um getur í 2.2.1 og 2.2.2 að koma frá stað sem vottað er að sé lausar við sjúkdóminn.

2.3 Sendingum verður að fylgja vottorð sem fyllt er út af þjónustustofnun þar sem vottað er að upprunastaðurinn uppfylli skilyrðin sem sett eru í þessari ákvörðun.

Svíþjóð skal leggja fram árlega skýrslu um eftirlit sitt með áætluninni, einkum að því er varðar skoðanir á staðnum, aðferðir við sýnatöku og niðurstöður veiruprófa, þar með talið lýsing á aðferðinni. Þessa skýrslu skal leggja fram til eftirlitsstofnunar EFTA eigi síðar en 1. apríl næstkomandi ár.

4. Skilyrðin sem kveðið er á um í 2. lið gilda ekki um aðflutning til Svíþjóðar á fiski eða eggjum frá EFTA-ríki eða hluta þess sem samkvæmt 13. gr. gerðarinnar um fiskeldi hefur fengið viðbótarábyrgðir samsvarandi þeim sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.
5. Svíþjóð skal samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að skilyrðum þessarar ákvörðunar fyrir 1. júlí 1994.
6. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.
7. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
8. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 27. júní 1994

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

*Pekka Säilä*  
stjórnarmaður.



# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Fjarskipti: Frjáls aðgangur að netum (ONP) fyrir leigulínur** 94/EES/26/04

### Sáttameðferð

Þessi útgáfa miðar að því að veita nauðsynlegar upplýsingar vegna árangursríkrar notkunar sáttameðferðar sem gert er ráð fyrir í 12. gr. (sjá I. viðauka) tilskipunar ráðsins 92/44/EBE um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum (ONP) fyrir leigulínur<sup>(1)</sup>. Þessi meðferð er hugsuð sem fljótvirk og ódýr leið til að leysa ágreining sem rís í tengslum við beitingu þessarar tilskipunar og varðar, meðal annars, órökstuddar takmarkanir á aðgangi, takmörkun á aðgangi að upplýsingum varðandi framboð leigulína eða brot á meginreglum tilskipunarinnar um taxa.

Þar sem ekki næst samkomulag á innlendum vettvangi skulu notendur sem hafa hug á að notfæra sér sáttameðferðina senda skriflega tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar og viðkomandi innlands eftirlitsyfirlsvalds. Heimilisföng eftirlitsyfirlsvalda eru skráð í II. viðauka.

Tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar skulu sendar á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
DG XIII, BU/9 - 4/170  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels

Vakin skal athygli á, hvað varðar Evrópska efnahagssvæðið (EES), að ef tvenn eða fleiri innlend eftirlitsyfirlsvald, bæði í aðildarríki ESB og EFTA-ríki sem EES-samningurinn varðar<sup>(2)</sup>, eiga hlut að máli skal fyrirnefnd tilkynning send innlendum eftirlitsyfirlsvaldum, framkvæmdastjórninni og eftirlitsstofnun EFTA. Ef einungis er um að ræða innlend eftirlitsyfirlsvald í EFTA-ríki skal senda tilkynninguna til innlenda eftirlitsyfirlsvaldsins og eftirlitsstofnunar EFTA.

Hagnýtar upplýsingar um beitingu sáttameðferðarinnar innan ESB má finna í viðeigandi hluta starfsreglna ONP-nefndarinnar og í III. viðauka við þessar tilkynningu. Í IV. viðauka er ný útgáfa af 12. gr. tilskipunar ráðsins 92/44/EBE sem gildir þegar EFTA á hlut að máli.

Frekari upplýsingar fást hjá:

European Commission  
ONP Secretariat  
DG XIII, BU/9 - 4/173  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels  
símanr. +32 2 296 86 41  
bréfasímanr. +32 2 296 91 32

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 165, 19.6.1992, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Þessi lönd eru nú Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð. EES-samningurinn gildir ekki í Liechtenstein um þessar mundir.

- I. viðauki: 12. gr. tilskipunar ráðsins 92/44/EEB um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir leigulínur (Stjttíð. EB nr. L 165, 19.6.1992, bls. 27), sáttameðferð.
- II. viðauki: Skrá yfir innlend eftirlitsyfirkvöld (í aðildarríkjum ESB).
- III. viðauki: Starfsreglur ONP-nefndarinnar, tilskipun um frjálstan aðgang að netum fyrir leigulínur, sáttameðferð.
- IV. viðauki: 10. viðauki við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn (birt í Stjttíð. EB nr. L 160, 28.6.1994, bls. 76 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 17, 28.6.1994, bls. 65.

Þessir viðaukar eru birtir í heild sinni í Stjttíð. EB nr. C 214, 4.8.1994 og eru fáanlegir á ensku, samkvæmt beiðni, hjá útgáfudeild EFTA.

### Útboð (almennt útboð) á sérfræðingastöðum í DG XIII

94/EES/26/05

#### I. DG XIII (XIII/1)

J. Hamacher - Head of Personnel Unit  
Rue de la Loi 200  
B - 1049 Brussels  
símanr.: +32 2 296 80 27  
telex: 28177 (Comeu B)  
bréfasímanr.: +32 2 296 83 61

- II. Stjórnardeild XIII sér fram á þörf fyrir tímabundna tæknilega aðstoð á ýmsum sviðum sem hún er ábyrg fyrir.

8 stöður eru fyrirhugaðar á eftirfarandi sviðum:

Stöður í stjórnardeild B (COST- áætlunin (samstarf um vísinda- og tæknirannsóknir) og RACE-áætlunin (áætlun um fjarskiptatækni))

B1 - Sérfræðingur í ljósþráðasamskiptum og -tækni

B2 - Sérfræðingur í fjarstöðvafjarskiptum og skyldri tækni

B3- Sérfræðingur í fjölmiðlun og fjarskiptum

B4 - Sérfræðingur í merkjaaðferðum og myndmiðlun

B5 - Sérfræðingur í mannlegum samskiptum og upplýsingamiðlun fyrir einstaklinga með sérstakar þarfir

B6 - Sérfræðingur í fjölmiðlun og myndmiðlun

B7 - Sérfræðingur í ljóstæknisamskiptum

B8 - Sérfræðingur í fjarstöðvafjarskiptum til einkanota

- III. Vinnustaðurinn verður í húsakynnum framkvæmdastjórnarinnar í Brussel.
- IV.
- V. Heimilt er að leggja inn umsókn um fleiri en eina stöðu.
- VI.
- VII. Samningarnir eru fyrirhugaðir til eins árs í upphafi (220 virkir dagar). Framkvæmdastjórninni er í sjálfsvald sett að framlengja þetta tímabil tvisvar eða í allt að þrjú ár (660 virkir dagar).
- VIII. Umsóknir, sem heimilt er að fylla út á hvaða opinbera tungumáli EES sem er, skulu sendar, innan 22 daga frá birtingu þessarar auglýsingar, til:

European Commission  
DG XIII/1 (BU24 4/13)  
Rue de la Loi 200  
B - 1049 Brussels

- IX.
- X.
- XI.
- XII. Þessu útboði er beint til sjálfstætt starfandi einstaklinga eða lögaðila.
- XIII. Leggja ber fram skrá yfir helstu þjónustu sem veitt hefur verið undanfarin þrjú ár ásamt fjárhæðum, dagsetningum og þiggjendum þessarar þjónustu, hvort sem um er að ræða opinbera aðila eða einkaaðila:
- ef hún var veitt samningsyfirvöldum skal vitnisburður vera í formi vottorða sem eru gefin út eða meðárituð af hinu lögbæra yfirvaldi,
- ef hún var veitt einkaaðilum skal kaupandi þjónustunnar votta afgreiðslu eða, sé það ekki gert, skal sá sem þjónustuna veitti einfaldlega gefa út yfirlýsingu um að afgreiðsla hafi farið fram.
- Yfirlýsing um meðaltalsmannafla þess sem veitir þjónustuna á ári og fjölda starfsfólks í stjórnunarstöðum á næstliðnum þremur árum.
- XIV. Tilboðið gildir í 12 mánuði frá lokadegi tilkynningarinnar um útboð.
- XV. Nákvæmar upplýsingar um viðmið sem notuð verða við mat á tilboðum verða sendar með formlegu boði um útboð.

XVI.

XVII.

XVIII.

**Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr.  
EB-sáttmálans  
Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum**

94/EES/26/06

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina (Retex-áætlunina) sem Portúgal lagði til til að fjölþætta atvinnuvegina, ríkisaðstoð nr. N 335/93 - Portúgal (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 210, 30.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Portúgal lagði til til að auka byggðaðþróun með endurvæðingu dreifingarfyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 606/93 - Portúgal (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 210, 30.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Portúgal lagði til til að auka framleiðni og samkeppnishæfni fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 542/93 - Portúgal (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 210, 30.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Grikkland lagði til til að auka byggðaðþróun, ríkisaðstoð nr. NN 99/93 - Grikkland (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 210, 30.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem eykur byggðaðþróun í frönsku umdæmunum erlendis, ríkisaðstoð nr. NN 121/93 - ráðstöfun nr. 2 - Frakkland (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 210, 30.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ráðstafanir fyrir undanþágu frá gjaldtöku vegna fjárfestinga fyrirtækja og einstaklinga í frönsku umdæmunum erlendis, ríkisaðstoð nr. NN 121/93 - ráðstöfun nr. 1 - Frakkland (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 210, 30.7.1994).

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins  
nr. 17/62 og 3. mgr. 26. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68  
varðandi mál nr. IV/32.490 - Eurotunnel**

94/EES/26/07

Í máli nr. IV/32.490 - Eurotunnel fyrirhugar framkvæmdastjórnin að taka jákvæða afstöðu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins varðandi samning milli Channel Tunnel Group Limited (CTG), France Manche SA (FM), British Railways (BR) og Société Nationale des Chemins de Fer Français (SNCF). Samningurinn tekur til notkunar Ermasundsganganna af hálfu farþega- og vörulesta og áætlunarlesta sem flytja vélknúin ökutæki og farþega þeirra. Framkvæmdastjórnin hefur birt útdrátt úr viðkomandi tilkynningu í Stjttíð. EB nr. C 210, 30.7.1994 samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup> og 3. mgr. 26. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68<sup>(2)</sup>.

Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun gefur hún þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri innan 45 daga frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, undir tilvísunarnúmeri „IV/32.490 - Eurotunnel“, við:

Commission of the European Communities,  
DG IV/D-3  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. 13, 21.2.1962, bls. 104.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 175, 13.7.1968, bls. 1.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram****94/EES/26/08****(Mál nr. IV/M.465 - GE/CIGI)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 25.7.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið CIG Acquisition Corporation Inc., sem lýtur yfirráðum General Electric Company (GE), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Consolidated International Group Inc. (CIGI) með hlutabréfakaupum.
2. Hlutaðeigandi atvinnustarfsemi er á sviði trygginga, einkum þar sem boðið er upp á skuldavátryggingu.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 209, 27.7.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/ M.465 - GE/CIGI, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um framsal eignarréttinda á fyrirtækjum:****94/EES/26/09****Aðgerðir sem koma litlum og meðalstórum fyrirtækjum til góða**

Framkvæmdastjórnin hefur birt orðsendingu um framsal eignarréttinda á fyrirtækjum: Aðgerðir sem koma litlum og meðalstórum fyrirtækjum til góða. Birting orðsendingarinnar er til þess ætluð að hvetja til víðtækra umræðna. Þess vegna gefur framkvæmdastjórnin öllum aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri, fyrir 30. september 1994, við Mr H. von Moltke, Director- General, Directorate-General XXIII, Rue d'Arlon 80, B-1040 Brussels (sjá nánari útlistun í Stjútíð. EB nr. C 204 frá 23.6.1994).

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin  
sendi ráðinu á tímabilinu 11.7. til 15.7. 1994**

94/EES/26/10

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmd-astjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíð- ufjöldi
COM(94) 298	CB-CO-94-312-EN-C <sup>(1)</sup>	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins (KBE) um að setja grundvallaröryggisstaðla til að vernda heilsu launþega og almennings gegn hættu sem stafar af jónandi geislun	8.7.1994	11.7.1994	34
COM(94) 303	CB-CO-94-343-EN-C	Tillaga að ákvörðun ráðsins varðandi áframhaldandi þróun HANDYNET-kerfisins innan ramma ákvörðunar 93/136/EBE um að koma á þriðju aðgerðaáætlun bandalagsins til aðstoðar fötluðum einstaklingum (HELIOS II 1993 til 1996)  Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar sem leggja á fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina Framkvæmd HANDYNET tölvuvædda upplýsinga- og heimildakerfisins	12.7.1994	12.7.1994	64
COM(94) 306	CB-CO-94-323-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins  Rannsóknir og þróun á nútímafjarskipta-tækni í Evrópu (RACE) - miðannarskýrsla um áfanga II í RACE-áætluninni (1990 - 1994) -	14.7.1994	15.7.1994	109
COM(94) 326	CB-CO-94-347-EN-C	Samningur milli Evrópubandalagsins, Kjarnorkubandalags Evrópu og Kola- og stálbandalags Evrópu annars vegar og lýðveldisins Lettlands hins vegar um fríverslun og viðskiptaleg málefni	13.7.1994	15.7.1994	244
COM(94) 327	CB-CO-94-348-EN-C	Samningur milli Evrópubandalagsins, Kjarnorkubandalags Evrópu og Kola- og stálbandalags Evrópu annars vegar og lýðveldisins Litháen hins vegar um fríverslun og viðskiptaleg málefni	13.7.1994	15.7.1994	236
COM(94) 330	CB-CO-94-349-EN-C	Samningur milli Evrópubandalagsins, Kjarnorkubandalags Evrópu og Kola- og stálbandalags Evrópu annars vegar og lýðveldisins Eistlands hins vegar um fríverslun og viðskiptaleg málefni	15.7.1994	15.7.1994	196

<sup>(1)</sup> „EN“ vísar til enska COM-skjalsins

## Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins

94/EES/26/11

Kóði	Titill	Birting í Stjttíð. EB
COM(94) 278	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins til breytingar á tillögu framkvæmdastjórnarinnar um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þrýstibúnað	Stjttíð. EB nr. C 207, 27.7.1994
COM(94) 241	Tillaga að ákvörðun ráðsins um skilyrði fyrir því að semja, á aðlögunartímabili, bráðabirgðaskrár yfir stofnanir í þriðja landi sem aðildarríkjum er heimilt að flytja inn frá tiltekna vörur af dýrauppruna, fiskafurðir eða lifandi samlokur	Stjttíð. EB nr. C 208, 28.7.1994
COM(94) 147	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um vörugjöld á vélaveldsneyti sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum	Stjttíð. EB nr. C 209, 29.7.1994
COM(94) 267	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um vörur úr verðmætum málmi	Stjttíð. EB nr. C 209, 29.7.1994
	Framvirk áætlun varðandi stál fyrir seinni helming ársins 1994 og fyrir allt árið 1994	Stjttíð. EB nr. C 210, 30.7.1994

## Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni

94/EES/26/12

### (Mál nr. IV/35122)

1. Framkvæmdastjórninni barst 30.6. 1994 tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup> myndað af Monsanto Company, sem hefur sameinast dótturfyrirtækjum í EB samkvæmt lögum Delaware (Bandaríkjunum), og þýska félaginu Bayer AG. Samkvæmt samningunum sem tilkynnt hefur verið um skuldbinda sammingsaðilar sig til að þróa og gera að söluvöru tvo nýja efnaflokkar sem að nokkru leyti hafa lífræna virkni eins og þráðormaeyðir og sveppaeyðir. Nýja fyrirtækið um sameiginlegt verkefni mun bera ábyrgð á framleiðslu og alheimsmarkaðssetningu nýju varanna sem verða til við sameiginlegar rannsóknir og þróun.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlegt verkefni sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi aðgerðina á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 210, 30.7.1994. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 236 42 73) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35122, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Directorate C  
Office 2/82  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjttíð. EB nr. 13 frá 21.2.1962, bls. 204/62.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram****94/EES/26/13****(Mál nr. IV/M.470 Gencor/Shell)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26.7.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem Gencor Limited öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir hluta af námustarfsemi Shell (sameiginlega þekkt undir nafninu „Billiton”) með hlutabréfa- og eignakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - GENCOR: Málmar og steinefni
  - SHELL: Olía og gas, efnafræðileg efni, kol, steinefni og málmar
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtíð. EB nr. C 211, 2.8.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/ M.470 - GENCOR/SHELL, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu****94/EES/26/14****(Mál nr. IV/M.473 - PWT/Minemet)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 20.7.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.



**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu****94/EES/26/15****(Mál nr. IV/M.460 - Holdercim/Cedest)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6.7.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

**Ríkisaðstoð  
C 25/94 (ex N 11/94)  
Lúxemborg****94/EES/26/16**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð þá sem kveðið er á um í 4. mgr. 6. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 3855/91/KSE frá 27. nóvember 1991 hvað varðar aðstoðina sem Lúxemborg lagði til handa ProfilARBED S.A. (ARBED) (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 212, 3.8. 1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með öðrum aðildarríkjum og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar, við:

Commission of the European Communities  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Lúxemborg.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.